

## 029/00 - M.b. Neptúnus PH-361

Neptúnus PH-361, skipverji slasast er snurpuhringur slæst til

### M.b. Neptúnus PH-361

Skipaskr.nr.: 1504

Smíðaður: í Svíþjóð og Danmörku 1977 úr stáli

Stærð: 556,32 brl; 729,00 bt

Lengd: 53,78 m Breidd: 9,50 m Dýpt: 7,30 m

Vél: Wichmann 1.499,00 kW Ágerð: 1977

Annað:

Földi skipverja: 15



Neptúnus ©Kristján Kristjánsson

### Atvikalýsing

Hinn 24. febrúar 2000 var m.b. Neptúnus PH-361 að veiðum með nót út af Portlandi.

Skipverjar höfðu kastað nótinni og voru að draga hana inn aftur þegar einn af föstu snurpuhringjunum slóst í höfuð eins skipverjans sem vann í nótaskúffunni. Skipverjinn sagðist hafa verið í nótaskúffu við að draga slaka á garnið fyrir blýteininn. Hafi komið hálftörn á nótinni gegnum nótaleggjarann og fór hann til að greiða úr því. Stóð hann beint undir nótaleggjaranum þegar snurpuhringur féll niður og kom sláttur á hann og við það lenti hringurinn í andliti hans svo að hann hlaut áverka.

Gert var að sárum hins slasaða um borð og veiðum haldið áfram. Hinn slasaði fór til læknis daginn eftir þegar skipið kom til hafnar í Grindavík.

### Við rannsókn kom fram

- að skipið kom til hafnar í Grindavík daginn eftir atvikið en þar tók það niðri og urðu skemmdir á veltikili. Ekki var tilkynnt um atvikið til lögreglu við komu til Grindavíkur. Eftir að hinn slasaði hafði haft samband við stéttarfélag sitt var honum ráðlagt að gefa skýrslu hjá lögreglu í næstu viðkomuhöfn skipsins. Rúmri viku seinna þegar skipið kom til Bolungarvíkur var lögreglu tilkynnt um slysið af hinum slasaða og þá teknar skýrslur af tveimur skipverjum;
- að ósamræmi er í færslu í dagbók skipsins og framburði stýrimanns hjá lögreglu hinn 1. mars 2000 hvað varðar hvar skipið kom að landi daginn eftir slysið en stýrimaður leiðrétti það er hann gaf skýrslu hjá nefndinni;
- að þetta var fyrsta vertíð hins slasaða við loðnuveiðar en hann var búinn að vera til sjós í 25 ár;
- að þegar hálftörnin kom á nótina frá kefli nótaleggjarans lá korkateinninn stjórnborðsmegin í keflinu er gerði mjög erfitt að ná teinum nótarinnar réttum til að leggja nótina rétta í nótakassann. Ekki var stöðvað að draga inn nótina á meðan reynt var að greiða úr hálftörnnini;
- að í Grindavík var skipt um þá föstu snurpuhrungi sem eftir var að skipta um, þ.e. um helmingur af hringjunum. Eftir það voru aðeins fjórir fastir hringir á poka nótarinnar, en hina var hægt að taka af og fóru því ekki með nótinni aftur í nótakassa.

### Nefndarálit

Nefndin telur að koma megi í veg fyrir sambærileg slys í framtíðinni með því að taka alla

snurpuhringi af hanafótum nótarinnar og láta þá ekki fara aftur í nótaskúffuna með garninu.